

✉ Re: Kálfshamarsvík

Búið til	27.12.2022 13:33:42
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.12.2022 13:33:39
Tilheyrir	📁 202211-0026 - Kálfshamarsvík í Skagabyggð - umsögn um deiliskipulag.

Efni

Re: Kálfshamarsvík

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.12.2022 13:33:39	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bogi.kristinsson@hunathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag og gleðilega hátíð,

Tilvísun í mál nr. 202211-0026 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Skagabyggðar, dags. 15. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu í Kálfshamarsvík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og telur að áformuð uppbygging bílastæðis og þjónustubyggingar vestan við Kálfshamarstjörn muni valda óþarflega miklu raski, einkum þar sem þörf er á uppfyllingu út í Kálfshamarstjörn. Ásýndaráhrif af uppbyggingunni verða einnig umtalsverð. Heppilegra væri að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða uppbyggingu nálægt núverandi bílastæðum suðaustan tjarnarinnar til að hlífa svæðinu við raski og halda sem mest í núverandi ásýnd.

Áform um uppbyggðan göngustíg út á Framnes og framhjá Framnestjörn og austur fyrir Kálfshamarstjörn um Holtin mun valda raski á lítt snortnu gróðurlendi m.a. votlendi og um búsvæði fugla. Lítið sem ekkert er fjallað um umhverfisáhrif áætlaðra framkvæmda sem deiliskipulagið felur í sér og telur Náttúrufræðistofnun að betur hefði mátt vinna umhverfisskýrslu tillögunnar. Almennt er fjallað um að framkvæmdir eigi allar að falla vel að umhverfinu sem er jákvætt og eðlilegt fyrir svæði á náttúruminjaskrá, en betur þarf að greina frá umhverfisáhrifum einstakra framkvæmdarliða.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bogi Magnusen Kristinsson" <bogi.kristinsson@hunathing.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Kálfshamarsvík
Date: 15.11.2022 11:01:45

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Skipulagsfulltrúi Skagabyggðar óskar eftir umsögn fyrir deiliskipulagstillögu í Kálfshamarsvík.
Meðfylgjandi er ósk um umsögn, greinagerð og uppdráttur unnið af teiknistofunni Landslagi ehf.

Kær kveðja

Skipulagsfulltrúi Húnaþing vestra, Blönduós,
Húnavatnshrepps og Skagabyggðar.
Bogi Kristinsson Magnusen
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga
S: 455-2400